

## MUNIÐ

eftir nafninu handa nýja blaðinu, sem minst var á í síðasta blaði „Barnanna“. Það hefur að eins einn sent inn nafn enn. Þíðir ekki með það. Tíminn líður. Það má ekki koma seinna en um *miðjan næsta mánuð*, September. Í síðasta blaði var sagt: fyrir lok September. En það er of seint. Það verður að vera fyrir *miðjan* mánuðinn. Munið þetta. Leyfilegt er hverjum að senda inn eins mörg nöfn eins og hann vill.

---

 TIL GAMANS.
 

---

Mamma: „Bía! Þú ert búinn með allar sætabrauðs-kökurnar, Pétur minn! og þú hefur alveg gleymt henni litlu systur þinni.“

Pétur lítli: „Nei, mamma! Eg gleymdi henni ekki. Eg var alt af að hugsa um hana meðan eg var að borða þær, því eg var hræddur um, að hún myndi koma áður en eg væri búinn með þær.“

---

Kennarinn við litlu börnin (hann er að útskýra fyrir þeim sambandið á milli hirðis og hjarðar hans): „Ef nú þið, börnin mín! væruð lítil fömb, hvað væri eg þá.“

Börnin öll í einu: „Stór sauður!“

---

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „Sam.“ á Íslandi.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.  
Canada.